



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
Ólafs Elíassonar
„Frost Activity“
Listasafni Reykjavíkur
17. janúar 2004**

Að skapa nýja sýn, nýjan skilning, nýja reynslu, að sjá okkur sjálf og veröldina, umhverfið og náttúruna í nýju ljósi, að ögra venjum og vanahugsun, að gefa listinni nýjar víddir – og okkur reynslu sem engu líkist sem við áður þekktum; slíkar eru gjafirnar sem Ólafur Elíasson færir okkur, bæði hér í dag og einnig á fyrri árum; ekki aðeins okkur heldur einnig gjörvöllum menningarheimi Vesturlanda.

Enginn myndlistarmaður af íslensku bergi brotinn hefur jafn ungur náð slíkri frægð í veröldinni. Reyndar er Ólafur nú þegar kominn í flokk með Halldóri Laxness, Björk og Helga Tómassyni sem eru eins og við vitum í fremstu röð á sínu sviði enda hafa sérfræðingar um hræringar í samtímalist ítrekað fullyrt að Ólafur sé einn athyglisverðasti myndlistarmaður okkar tíma.

Íslensk náttúra hefur reynst honum notadrjúg uppspretta nýrra leiða til að skapa ferska sýn á heiminn og klæða hana í fjölbættan búning. Landið, náttúran, veðrið og öræfin hafa markað listrænan þroska hans og orðið efniviður í einstæða sköpun. Ýmsir sem um Ólaf hafa fjallað telja að norræn eða íslensk vitund gegnsýri myndsyn hans á frumlegan og afgerandi hátt.

Að sjálfsgöðu erum við fús að deila honum með veröldinni, jafnvel Dönum, en metum mikils hve ríkulega hann sækir efnivið og innblástur til Íslands, endurskapar skilning okkar á landinu, fegurð þess og eiginleikum.

Við sjáum á sýningunni hér hvernig hann sækir líkingar í stuðlabergið og gerir það að undirstöðu ferskrar skynjunar, upplifunar þar sem það og við sjálf erum þungamiðja nýrrar reynslu; stuðlabergið sem er

táknmynd sköpunarinnar í íslenskri náttúru, listaverk eldsumbrotanna, okkur jafn kært og hofssúlur Grikkjum, kórónan í loftmynd Guðjóns Samúelssonar í sal Þjóðleikhússins; stuðlabergið sem Einar Jónsson gerði að þjóðareinkenni í höggmyndum sínum fyrir tæpri öld.

Það er sláandi tenging við sköpunina í náttúru Íslands og uppruna íslenskrar myndlistar að Ólafur Elíasson skuli opna sýningu sína hér, þá stærstu á Íslandi eftir að heimsfrægðin féll honum í skaut, með því að gera stuðlabergið að meginstefi í nýrri sýn og ögra okkur þannig til að sjá okkur sjálf í nýju ljósi, hvetja okkur til að ganga með opnum huga til móts við heiminn.

Ólafur hefur á snjallan hátt í verkum sínum tekið kunnugleg fyrirbæri úr náttúrunni, slitið þau úr sínu samhengi og fært þau í nýja umgjörð; vekur þannig með okkur hughrif sem eru í senn framandi, fersk og gefandi, færa okkur skapandi reynslu sem við vissum ekki að væri til. Er hægt að ná meiri áhrifum með listinni en að umbreyta sýn okkar á veröldina, opna okkur hulda heima og nýjar víddir? Þversögnin um niðurbrot og endurröðun er ef til vill mikilvægasti lykillinn að hughrifum sem móta skynjun áhorfenda í návist verka Ólafs.

Við erum hluti verksins; skynjun okkar kjarninn í sköpuninni; með okkur verður listin heild. Það er vegvísir Ólafs, áherslan sem gert hefur hann að einum fremsta leiðtoga í heimi nútímalistar.

Veðurverkið „The Weather Project“ í Tate safninu í London var þessarar ættar og meira en milljón gesta sem gengu í gamla túrbínusalinn sáu sig speglast í órafjarlæð, loftmynd í gullnu skini sólar; voru sú lifandi hreyfing sem gerði verkið einstakt og umfjöllunarefni margra helstu fjölmiðla heims.

Á sama hátt bíður „Frost Activity“ hér í Hafnarhúsinu eftir okkur, ögrar okkur til að ganga til liðs við listamanninn og kanna í fylgd hans samhengið milli okkar sjálfra og alls sem er. „Að sjá sjálfan sig skynja“ var samheiti verks og texta sem Ólafur birti fyrir nokkru í Museum of Modern Art í New York. Þau orð geta á ný orðið leiðarvísir okkar hér í dag.

Ég færi Listasafni Reykjavíkur einlægur þakkir fyrir að efna til svo veigamikillar sýningar á verkum Ólafs Elíassonar og staðfesta á þann hátt vilja safnstjórnar til að vera í fararbroddi nýsköpunar í listalífi okkar Íslendinga.

Ég þakka einnig Björgólfi Thor Björgólfssyni fyrir stórmannlegan styrk hans til þessarar sýningar, framlag sem gerði safninu kleift að bjóða til slíkrar menningarveislu. Vonandi verður þessi framganga Björgólfs

öðrum íslenskum athafamönnum hvatning til að láta að sér kveða á sama hátt svo menning og listir fái notið í nokkru arðsins af umsvifum Íslendinga á markaðstorgi heimsviðskiptanna.

May I also greet our guests from abroad with a special welcome and express the hope that during their stay they will gain some sense of the extraordinary creativity which is now making Iceland such a stimulating place. Perhaps the creativity inherent in the geological nature of our country, manifested through volcanic eruptions, geysers and earthquakes, new lava fields, new islands and mountains has also found its way into our souls and produced a uniquely vibrant scene in the arts, in music, literature, the theatre and other fields, making our small country closer to a modern renaissance than most other places in Europe.

Ólafur Elíasson is a fascinating interpreter of this creativity and through his works he gives us new visions, a new sense of ourselves, an experience which transforms our understanding of the world, expands the boundaries of our civilisation. It is an extraordinary achievement to be able to transform our thinking in such a way, to challenge successfully the legacy of the great masters.

Almost like a volcano which is continuously erupting, the energy and versatility of Ólafur's works produce one fascinating exhibition after another. Next week another will open in Oslo and throughout the year he will continue to fascinate the entire art world with new exhibitions, challenging himself to maintain the outstanding lead he has already achieved.

Ólafur generously shares his gifts with others and on behalf of the people of Iceland I congratulate him and hope that the spirit and creativity of our magnificent land will continue to inspire him in the years to come.

Með þessum þakkarorðum og heillaóskum opna ég sýningu Ólafs Elíassonar „Frost Activity“ og býð ykkur öllum að ganga til móts við nýja skynjun.